



202. fundur Skólanefndar FS 12. desember 1995

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Bogi Hallgrímsson,
Ingimundur Guðnason, Jón Ingi Baldvinsson, Inga
Birna Antonsdóttir, Einar Trausti Óskarsson, Ólafur
Sigurðsson, Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari
og Oddný Harðardóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá: 1. Skipan deildastjóra.
2. Útskrift.
3. Önnur mál.

1. Skipan deildastjóra.

Ólafur Jón greindi frá umsóknum um stöður deildastjóra og þeim sem hann mælir með í stöðurnar. Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við ákvörðun skólameistara. Fulltrúar kennara gerðu grein fyrir sjónarmiðum annars umsækjanda um stöðu deildastjóra í þýsku.

2. Útskrift.

Ólafur Jón sagði frá útskrift sem verður miðvikudaginn 20. desember kl. 16:00. Athöfnin verður með hefðbundnu sniði.

3. Önnur mál.

a) Karl Smári Hreinsson, íslenskukennari hefur tilkynnt veikindaforföll á vorönn 1996.

b) Ólafur Jón kynnti hugmyndir um ráðningu sérkennara við skólann.

c) Spurt um kórstarf í skólanum. Ólafur Jón sagði frá starfi kórsins á önninni.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmann Kristþórsson

Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Skólanefndarfundur 12/12 1995 kl 17.00

12. Desember 1995.

Ráðning sviðsstjóra og deildastjóra við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Auglýstar voru til umsóknar allar stöður sviðsstjór/deildastjóra, þar sem kennari hafði verið lengur í stöðu en tilgreint er í lögum um framhaldsskóla.

Umsækjendur voru:

Sviðsstjóri á tungumálasviði - Guðbjörg Aðalbergisdóttir.

Deildarstjóri í íslensku - Guðbjörg Aðalbergisdóttir.

Deildarstjóri í viðskiptagreinum - Bladur Þ. Guðmundsson

dönsku - Auður Ólafsdóttir

stærðfræði - Kristján Ásmundsson

sögu - Ingunn Þóra Magnúsdóttir

hársnyrtibraut - Svanhildur Kjær

félagsfræði og SAM - Þórunn Friðriksdóttir

ensku - Axel G. Sigurbjörnsson

frönsku,spænsku,latínu - Jórunn Tómasdóttir

málmiðnum - Kristján Jóhannesson

vélstjórn - Magnús Karlsson

tréiðnum - Björn Sturlaugsson

tveir umsækjendur voru í þýsku:

María Hreinsdóttir

Dr. Gígja Gísladóttir - skólameistari mælir með Gígju í stöðuna.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 421-3100 Fax 421-3107

Keflavík, 11. desember 1995

Menntamálaráðuneyti
Stefán Baldursson, skrifstofustjóri

Athugasemdir skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja við:

**“Um skipan náms á framhaldsskólastigi.”
“Tillögur til umræðu”**

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja fagnar þeirri umræðu sem nú er um framhaldsnám í landinu og leggur jafnframt áherslu á að forsenda markvissrar uppbyggingar sé að viðtæk sátt verði um það hvernig þeim málum verður háttað í framtíðinni.

Í meðfylgjandi bréfi ráðuneytisins er tekið fram að “það sem fyrst og fremst var haft að leiðarljósi við tillögugerðina er það markmið *að tryggja öllum nemendum sem besta menntun án tillits til þess hvar þeir eru búsettir og hvernig koma megi við sem mestri hagræðingu í starfi skóla.*” Það er mat nefndarinnar að þarna sé um að ræða tvö markmið sem erfitt er að setja fram nema í forgangs röð.

Tillaga um sérstaka kjarnaskóla getur án efa orðið til hagræðingar og til að efla og styrkja menntun á ákveðnum sviðum, en það er mat skólanefndar FS að sú hagræðing yrði mest á höfuðborgarsvæðinu. Ef “ *tryggja á nemendum sem besta menntun án tillits til þess hvar þeir eru búsettir*” þá munu kjarnaskólar sem eingöngu eru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu vart uppfylla þetta markmið.

Skólanefnd FS telur að hugmyndin um kjarnaskóla eins og hún er sett fram sé í raun andstæð þeim grunnsjónarmiðum sem ráðuneyti menntamála hefur lagt áherslu á síðustu árin, þ.e. að auka valddreifingu, efla sjálfstæði og ábyrgð skóla og skapa þeim svigrúm til þróunar og að taka mið af umhverfi sínu.

Skólanefnd telur varasamt að binda þróunarstarf og endurmenntun við ákveðna skóla (grein 1.2) og beina þannig fjármagni í eina áttina og draga úr eðlilegri samkeppni skólanna. Þá telur nefndin hættu á því að kjarnaskólar sögi til sín það fjármagn sem ætlað er til þróunarstarfa og uppbyggingar búnaðar og aðstöðu.

Nefndin bendir á að framsetning tillagnanna sé ekki í samræmi við 31. gr. frumvarps til laga um framhaldsskóla þar sem gert er ráð fyrir að starfsgreinaráð og stofnaðilar geri tillögur um kjarnaskóla til ráðuneytis.

Þá vill skólanefnd benda á ákveðnar mótsagnir í forsendum (grein 1.1) þar sem áhersla er lögð á að taka mið af framboði "náms á framhaldsskólastigi eins og það er nú en vangaveltum um hugsanlegar nýjungar sleppt".

Einnig vill nefndin benda á að hugmyndir um takmörkun námsleiða eins og lagt er til í 2.1 séu varasamar og í raun vafasamt að þær leiði til sparnaðar vegna möguleika á samnýtingu á vali.

Í grein 2.1 er fjallað um "möguleika á markvissu eftirlit með námsárangri nemenda" og grein 2.2 (Námsframboð, skólahald) má skilja sem svo að besta eftirlit með námsárangri sé að taka upp samræmd próf. Þær aðferðir sem nú þykja hvað bestar til að tryggja gæði eru að tryggja stjórnun og námsferlið sem best og fá vottun á innihald og skipulag kennslunnar (gæðastjórnun). Samræmd lokapróf eru kostnaðarsöm auk þess sem rannsóknir á því hversu mikið samræmi er nú þegar í skólakerfinu liggja ekki fyrir. Ef meta á gæði skólastarfs þyrfti að kanna hversu miklu nemendur bæta í raun við sig frá því þeir hefja nám í skólanum þar til þeir útskrifast. Því er rétt að kanna þessi mál öll betur áður en farið er út í kostnaðarsamar aðgerðir.

Varðandi Fjölbrautaskóla Suðurnesja sérstaklega.

Í Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru nú um 750 nemendur í dagskóla og 250 í öldungadeild/kvöldskóla. Samanlagður fjöldi íbúa þeirra sveitarfélaga sem standa að skólanum eru um 15 þúsund. Skólinn verður því að teljast með stærri skólum og "upplandið" stórt ekki síður en t.d. við Verkmenntaskólann á Akureyri. Þá hefur verið unnið að því undanfarin þrjú ár að koma á styttri starfsmenntabrautum við skólann í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins hér á Suðurnesjum og áform eru um að víkka og auka það samstarf (og þá helst á sviði fullorðinsfræðslu, endur- og símenntunar).

Erfitt er að skilja hver staða skólans á að vera samkvæmt tillögnum. Á einum stað er sagt að "ekki verði gerð tillaga um breytingar..." á starfseminni. Á öðrum stöðum í skýrslunni eru möguleikar skólans til þróunar hinsvegar takmarkaðir s.s. með ákvæði um að kjarnaskólar "hafi með höndum endurmenntun í samvinnu við aðila vinnumarkaðarinnis" (grein 1.2.) og geri tillögur um þróunarstarf og námsefnisgerð. Skólanefnd leggur mjög ríka áherslu á það að skólinn fái að þróast áfram á þeirri braut sem þegar hefur verið mörkuð.

Þá bendir skólanefnd á að það ætti að vera ákvörðun hvers skóla hvort hægt er að halda úti framhaldsdeild í einstökum iðngreinum (grein 9, Iðn- og tæknibrautir.) Óþarfi er að binda í reglugerð ákvæði um lágmarksfjölda nemenda. Það á ekki að koma að sök þó fjöldinn sé undir viðmiðunarmörkum annað slagið á meðan aðstaða og gæði kennslu þykja fullnægjandi og skólinn heldur sig innan fjárlaga.

Í grein 2.6 er rætt um nauðsyn bygginga á höfuðborgarsvæðinu. Með sömu rökum má segja að með því að setja alla kjarnaskólana í Reykjavík og stækka skólana er enn frekar verið að draga nemendur frá landsbyggðinni til Reykjavíkur.

Ekki er ljóst hvort umfjöllun um heilbrigðisbrautir (grein 8) eigi eingöngu við skóla í Reykjavík, en eitt er víst að sjúkraliðanám hefur farið fram víða um land, þar á meðal hér við FS.

Við Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur verið unnið að skipulagningu og útfærslu styttri starfsnámsbrauta s.l. 3 ár en þess er ekki getið (s. 13). Hins vegar er þess getið á sömu síðu að slíkt nám sé í undirbúningi við Borgarholtsskóla en sá skóli hefur ekki hafið starfsemi.

Að lokum vill skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja leggja áherslu á að skólinn fái áfram að þróast sem sjálfstæð stofnun í nánú samstarfi við umhverfi sitt.

Fyrir hönd skólanefndar
Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Kristbjörn Albertsson, formaður